



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Stafræn menning

Niðurstöður Enumerate-könnunarinnar

á stafrænu efni menningarstofnana 2014

Mars 2015

Titill: Stafræn menning : niðurstöður Enumerate-könnunarinnar á stafrænu efni menningarstofnana 2014

Samantekt á niðurstöðum: Hrafn H. Malmquist

Ljósmynd á forsiðu og baksíðu: Helgi Braga

Útgefandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Arngrímsgötu 3, 107 Reykjavík.

ISBN 978-9935-434-07-4

ISSN 2298-7231

Skýrslur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns : 1 – 2015

Höfundarréttur: Creative Commons Attribution 4.0 International (CC BY 4.0)



EFNISYFIRLIT

Abstract	4
Enumerate	5
Aðferðafræði	6
Ísland	7
Þátttaka.....	9
Skráning lýsigagna.....	10
Stafrænt efni.....	12
Aðgengi	14
Varðveisla	15
Lokaorð.....	16
Heimildir.....	17
Ljósmyndir	17
Viðauki I – Heildarfjöldi stofnana eftir þátttökulandi	19
Viðauki II – Listi yfir íslenskar menningarstofnanir	20

ABSTRACT

This report analyses the results of the ENUMERATE Survey Report on Digitisation in Cultural Heritage Institutions 2014 focusing specifically on the results from Icelandic cultural heritage institutions.

The ENUMERATE survey was conducted in late 2013 and was the third major study on digitisation in cultural heritage institutions in Europe but the first that Icelandic cultural heritage institutions participated in. The National and University Library of Iceland acted as the national coordinator on behalf of Iceland.

Invitations to participate were sent to thousands of organizations in Europe, of which over 100 were Icelandic. The response rate was relatively high for Icelandic institutions, 31%. Results of the survey were published in early 2014 and are available on the [Enumerate website](#).

In recent years the National and University Library of Iceland has increasingly made its collections accessible through digital media. One of the aims of its policy on digital restoration and preservation of digital material is to make it possible for its users to access library content anywhere and anytime.

The results of the survey show that Icelandic cultural institutions are increasingly using digital media to reach wider audiences. This is an overall trend irrespective of institution type. A large majority (87%) of European cultural heritage institutions has digital collections. For Iceland the percentage is slightly lower or 71%. For Europe as a whole the percentage of analogue collections already digitised is 17% but 23% for Iceland (not weighted averages). The percentage of analogue collections still needing to be digitised in Europe is 48% but 52% in Iceland. Other results from Icelandic institutions are similar to those from other European institutions.

This is the first report in a new series of reports on behalf of the National and University Library of Iceland.

Geysilega hröð tækniþróun á undanförunum árum hefur aukið möguleikana á varðveislu og miðlun menningarverðmæta í stafrænu formi.

[Enumerate](#)¹ könnunin fjallar um stafræna endurgerð, aðgengi að stafrænum menningararfi og varðveislu hans. Könnunin er styrkt af Evrópusambandinu. Framkvæmd hennar var í höndum hollenska ráðgjafafyrirtækisins [Panteia](#).



Stafrænt efni er **stafrænt endurgert** sé það fært af hliðrænum (analog) miðli t.d. pappír og yfir á stafrænan (digital) miðil – t.d. ljósmynd eða texta. Efni er **upprunalega stafrænt** ef það verður fyrst til með stafrænum hætti. Til dæmis ef ljósmynd er tekin með stafrænni myndavél. Margmiðlunarefni sem fyrst verður til í tölvum, þar með taldir tölvuleikir og vefsíður á internetinu eru upprunalega stafrænar.

Fjöldi evrópskra
menningarstofnana
standa að könnuninni

Enumerate-verkefnið er leitt af [Collections Trust-samtökunum](#) í Bretlandi, upprunalega stofnuð 1977, en þau hafa það að markmiði að stuðla að bættri stjórnun menningarstofnana og notkun á safnkosti þeirra. Aðrar stofnanir sem komu að undirbúningi eru:

- [Digitaal Erfgoed Nederland](#) (DEN), Hollandi;
- [Stiftung Preußischer Kulturbesitz](#), Þýskalandi;
- [Digibís](#), Spánn;
- [FARO Vlaams Steunpunt voor Cultureel Erfgoed](#), Belgíu;
- [Ministère de la Culture et de la Communication](#), Frakklandi;
- [Österreichische Nationalbibliothek](#), Austurríki;
- [Narodna in univerzitetna knjižnica](#), Slóveníu;
- [Országos Széchényi Könyvtár](#) (OSZK; National Széchényi Library), Ungverjalandi;
- [The European Library](#) (hjá Koninklijke Bibliotheek, Hollandi).

¹ Enumerate er jafnan skrifað með hástöfum en því verður sleppt í þessari skýrslu.

Á árunum 2007-2014 tók fjöldi Evrópulanda þátt í könnunum á stöðu stafrænnar endurgerðar á safnkosti evrópskra menningarstofnana.² Könnunin sem var framkvæmd veturinn 2013-14 var sú fyrsta sem íslenskar menningarstofnanir tóku þátt í. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sá um framkvæmd könnunarinnar á Íslandi.

AÐFERÐAFRÆÐI

Fjölbreyttur hópur menningarstofnana tók þátt í könnuninni. Minnsta stofnunin hafði engan ráðinn starfsmann, aðeins stakan sjálfboðaliða. Sú stærsta hafði mörg hundruð starfsmenn og fjárhagsáætlun upp á meira en 1,5 milljarð íslenskra króna. Menningarstofnanirnar starfa á margvíslegum vettvangi miðlunar eða varðveislu og með misjöfnum áherslum.

Stórt heildarþýði

Könnunin takmarkast við evrópskar menningarstofnanir, vegna þess að hún er fjármögnuð af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Áætlaður heildarfjöldi menningarstofnana í Evrópu byggt á fyrri könnunum er á bilinu 40-45 þúsund (Nauta og de Niet, 2014, bls 12).

Ekki er til miðlægur gagnagrunnur með upplýsingum um menningarstofnanir í Evrópu, og fyrirkomulag fjölda og stærð menningarstofnana er mjög mismunandi milli þátttökulanda. Því var boðið upp á fleiri en eina leið til þátttöku, en í hverju landi var ein stofnun tengiliður við Panteia.

Könnuninni var svarað á netinu á opinni vefslóð. Hún var kynnt þannig að sendur var tölvupóstur á tengilið hjá hverri stofnun. Hægt var að hverfa frá könnuninni og snúa aftur án þess að gögn sem slegin höfðu verið inn töpuðust.

Send voru út boð til íslensku stofnanna 23. október 2013 og var opnað fyrir þátttöku á vefnum. Frestur til þátttöku var framlengdur tvisvar, átti upprunalega að vera til 15. nóvember, en var svo breytt í 30. nóvember og loks 31. desember.

Þátttökulönd gátu skipulagt sig á þrjá vegu.

- Gull-leiðin: reynt er að útbúa tæmandi lista yfir menningarstofnanir í landinu
- Silfur-leiðin: reynt er að útbúa tæmandi lista yfir tiltekna tegundir stofnana og taka úrtak meðal stærri stofnana

² Sjá upplýsingar um fyrri kannanir í heimildaskrá.

- Brons-leiðin: auglýst er eftir þátttöku á vettvangi sem tengist menningarstofnunum í viðkomandi landi (opið boð)

Gull-leiðin var valin á Íslandi

Þar sem Ísland er fámennt land var ákveðið að velja gull-leiðina og að starfsmaður Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns myndi afla upplýsinga um menningarstofnanir á Íslandi, þýða könnunina á íslensku úr ensku og vera tengiliður milli menningarstofnananna og Panteia, fyrirtækisins sem sá um úrvinnslu könnunarinnar. Allar túlkanir á gögnum og niðurstöðum könnunarinnar eru settar fram með fyrirvara.

ÍSLAND

Í menningarstefnu stjórnvalda er kafli um stafræna menningu.

Allt frá því að nettengingar urðu algengar á Íslandi, upp úr miðjum 10. áratug síðustu aldar eða svo, hafa íslenskar menningarstofnanir í auknum mæli miðlað íslenskum menningararfi í stafrænu formi.

Í [menningarstefnu stjórnvalda](#) sem var samþykkt 6. mars 2013 er mikilvægi stafrænnar samtímamenningar áréttað og eru opinberir aðilar hvattir til þess að auka framboð og bæta aðgengi bæði að upprunalega stafrænu efni og stafrænt endurgerðu hliðrænu efni.

Netnotkun er mjög algeng á Íslandi.

Samkvæmt [nýlegri könnun Hagstofu Íslands](#) eru 95,2% Íslendinga reglulegir netnotendur. Í 73% fyrirtækja getur hluti starfsmanna sinnt vinnu í gegnum farsímatengingu við netið á fartölvu, spjaldtölvu eða öðru tæki. [Nýlegar tölur Rannsóknaseturs verslunarinnar](#) sýna um 60% aukningu í sölu snjallsíma milli áranna 2013-2014.

Og mun aukast...

Íslendingar nota stafrænt efni af netinu bæði í vinnu og utan vinnu.

Stafræn verkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

[Timarit.is](#), vefur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, hefur að geyma yfir 4,5 milljónir blaðsíðna sem búið er að mynda stafrænt og ljóslesla. Því er hægt að framkvæma textaleit í meirihluta þeirra dagblaða og tímarita sem komið hafa út á Íslandi frá upphafi.



Ljóslesið efni er texti sem ljóslesturs-hugbúnaður hefur unnið með því að bera kennsl á mynstur og lögun forma á mynd og bera saman við tiltekið stafróf.

Stefnt er að því að allar íslenskar bækur gefnar út fyrir 1870 verði birtar á [baekur.is](#) í stafrænni endurgerð. Þar eru þegar um þúsund titlar sem samanlagt telja yfir 300.000 blaðsíður.

Upprunalega stafrænum menningararfi á íslenska hluta vefsins er

safnað af Landsbókasafninu og veittur er aðgangur að honum á vefsafn.is. Þar er að finna afrit af íslenskum vefjum aftur til ársins 1996.

Önnur íslensk,
stafræn verkefni

Fjöldi annarra menningarstofnana miðlar miklu magni menningarefnis á netinu. Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur luku nýlega við að [gera stóran hluta safnkosts síns aðgengilegan](#) í gegnum evrópska samstarfsverkefnið [Stafræn endurgerð samtímalistar \(Digitising Contemporary Art – DCA\)](#).

Fimmtíu íslensk söfn eru aðilar að [Sarpi](#), menningarsögulegu gagnasafni, þar sem birt er stafræn endurgerð yfir milljón gripa og annarra minja. Meðal aðila að Sarpi má nefna [myndasetur Héraðsskjalasafns Árnesinga](#) þar sem skoða má um 80 þúsund ljósmyndir í vörslu safnsins, í stafrænni endurgerð.



Mynd 1. Svifnökkvi sem kom frá Vestmannaeyjum á siglingu upp Ölfusá 30. ágúst 1967. Tómas Jónsson.
Myndin ein af um 80 þúsund ljósmynda aðgengilegar stafrænt á [Myndasetri Héraðsskjalasafnsins](#).

ÞÁTTTAKA

Evrópa


Alls svöruðu 1.372 menningarstofnanir í 33 Evrópulöndum könnuninni.³ Það telur um 3% menningarstofnana í Evrópu ef miðað er við að heildarfjöldi þeirra sé um 45 þúsund.

Samanlagður fjöldi stöðugilda stofnana sem svöruðu könnuninni er 91.940. Meðaltal stöðugilda var 67 og miðgildið 12.

Ísland

38 íslenskar menningarstofnanir svöruðu könnuninni af þeim 124 sem fengu sent boð um þátttöku (svarhlutfall 31%).

Samanlagður fjöldi stöðugilda hjá þessum stofnunum er 451 eða tæplega 12 stöðugildi að meðaltali, en miðgildið er 2,5. Tvær stofnanir voru samantlagt með 291 stöðugildi.



Kökurit 1. Starfsvettvangur íslenskra menningarstofnana (n=38)

Tegundir menningarstofnana

Stofnanirnar eru flokkaðar í sex mismunandi flokka (sjá kökurit 1.). Flestar íslensku stofnananna eru skjalasöfn, tíu talsins (26%), níu bókasöfn⁴ (24%), fimm listasöfn (13%) og fimm minja- eða sögusöfn.

Ísland


Fimm stofnanir merktu sig sem *annað*, þar af eitt náttúrufræði- eða náttúruminjasafn. Tvö söfn starfa á vegum margmiðlunar (hljóð/myndefni í útvarpi eða sjónvarpi), ein kvikmyndastofnun og ein sviðslistastofnun.

³ Sjá nánari sundurgreiningu í Viðauka I.

⁴ Eitt þjóðbókasafn, tvö háskólabókasöfn, eitt almenningubókasafn og fimm sérfræðibókasöfn.

Evrópa

Fyrir heildarþýðið (n=1371) voru flokkarnir einfaldaðir og sameinaðir í fjóra aðalflokka í söfn 548 (40%), bókasöfn 444 (32%), skjalasöfn 322 (23%) og annað sem taldi 57 (4%).



Mynd 2. Blaðsíða úr *Sögunni af Dimmalimm* eftir Mugg sem er aðgengilegt stafrænt á vefnum bækur.is á vegum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns.

SKRÁNING LÝSIGAGNA

Stafræn skráning
lýsigagna

Menningarstofnanir skrá lýsigögn um safnkost sinn í tölvur, oft í sérhannaða gagnagrunna eins og Sarp. Áður voru lýsigögn skráð í spjaldskrár eða öðrum hliðrænum miðlum. Í sumum tilvikum er ekki búið að skrá allan safnkostinn og því erfitt að leggja mat á heildarmagn. Slíkt er t.d. ekki óalgengt hjá þjóðskjalasöfnum.

Alls hafa evrópskar menningarstofnanir skráð lýsigögn fyrir um 54% safnkosts síns í gagnagrunna. Athugið að þetta er ekki vegið meðaltal.⁵

⁵ Með því er átt við að hlutfallstöðurnar eru jafngildar óháð magni safnkosts. Hafi safn með 100 eininga safnkost skráð 100% safnkostsins og safn með 10 milljónir eininga skráð 50% er meðaltalið 75% þó svo að aðeins sé búið að skrá 5 milljónir og 100 einingar, eða rétt rúmlega helming heildarsafnkosts safnanna.



Lýsigögn eru upplýsingar um tiltekin gögn (eða „gögn um gögn“). Í lýsigögnum felast því ákveðnir eiginleikar upplýsinga t.d. staðsetning, uppruni, aldur eða efni gagnanna.

Stafræn skráning
lýsigagna á Íslandi

Niðurstöður könnunarinnar sýna að íslenskar menningarstofnanir hafa skráð lýsigögn um 56% safnkosts síns í gagnagrunn, eða svipað hlutfall og evrópskar. Athugið að þetta er ekki vegið meðaltal.

Eins og komið hefur fram hér að ofan eru margvíslegar menningarstofnanir þátttakendur í könnuninni; bókasöfn, minjasöfn, listasöfn og einkaaðilar á borð við fjölmiðlafyrirtæki.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslegan fjölda stofnananna sem hafa að geyma safnefni á tilteknu efnisformi.

EFNISTEGUNDIR	Alls (n=1252)	Ísland (n=38)
1. Efni byggt á texta Sjaldgæfar prentaðar bækur, aðrar prentaðar bækur, rafbækur (e-bækur), dagblöð, tímarit, aðrar ritraðir, handrit frá miðöldum, önnur handrit, örskyggjur eða örfilmur, annað efni byggt á texta.	84%	68%
2. Sjónrænt tvívítt efni Teikningar, þrykk / ristur / prent, kort og skipulagsuppdættir, málverk, ljósmyndir, veggspjöld, nótur, annað sjónrænt efni.	84%	79%
3. Efni skjalasafna Opinber skjalasöfn, einkaskjalasöfn.	64%	63%
4. Manngerðir færanlegir hlutir í þrívídd Þrívíð listaverk, fornminjar (gripir og tæki), aðrir gripir og tæki, myntir, heiðurs- og verðlaunapeningar, aðrir manngerðir þrívíðir hlutir.	48%	37%
5. Náttúruminjar Líflaus náttúrusýni, lifandi náttúrusýni.	12%	11%
6. Staðbundið efni Minnismerki og mannvirki, landslag, vettvangur fornleifa, annað staðbundið efni.	19%	21%
7. Efni með tímalengd Hljóðskrár: tónlist, hljóðskrár: tal, o.fl. (á ekki við um stafrænar hljóðbækur en inniheldur munnlega sögu), stafrænar hljóðbækur, kvikmyndaefni, myndbandsupptökur, annað efni með tímalengd.	56%	58%
8. Gagnvirkir stafrænir efni Gagnagrunnar (sem innihalda lýsigögn um menningararf), stafræn þrívíð (3D) hönnun eða líkön af hlutum eða mannvirkjum, upprunalega stafræn list, stafræn rannsóknargögn (þ.m.t. GIS skrár), tölvuleikir, hugbúnaður (sérniðinn), vefsíður (og hlutar vefsíðna), annað gagnvirkir upprunalega stafrænir efni.	39%	29%


Tafla 1. Hlutfall menningarstofnana sem varðveita safnkost á tilteknu efnisformi.

Safnkostur eftir
efnistegundum

Efnistegundirnar eru átta talsins og byggja á skýrum aðgreinanlegum eiginleikum (tafla 1.).

Flestar menningarstofnanir eru með margvíslegar efnistegundir. Til að mynda hefur Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn að geyma efni byggt á texta, sjónrænt tvívítt efni (nótur), efni skjalasafna, efni með tímalengd og gagnvirkt stafrænt efni.

Lægra hlutfall stofnana á Íslandi en annars staðar í Evrópu hefur að geyma efni byggt á texta s.s. bækur og tímarit á hliðrænu eða stafrænu formi sem og manngerða færanlega hluti í þrívídd, s.s. gripir og tæki á minjasöfnum eða höggmyndir á listasöfnum.



Stöplarit 1. Dreifing íslenskra stofnana eftir árlegri fjárhagsáætlun (n=38, í milljónum ísl. kr.)

Þessi dreifing stofnana eftir fjárhagsáætlun er lítið frábrugðin tölunum fyrir Evrópu og helst í hendur við tölur um starfsmannafjölda (Stroeker og Vogels, 2014). Margar stofnanir eru fámennar, með lága fjárhagsáætlun og fáar stofnanir eru fjölmennar, með háa fjárhagsáætlun.

STAFRÆNT EFNI

Evrópa

Stafrænt efni er stækkandi hluti safnkosts menningarstofnana. Vel flestar evrópskar menningarstofnanir (87%) hafa að geyma stafrænt efni.

Rúmlega þriðjungur stofnana (36%) eru með skjalfesta stefnu um stafræna endurgerð.

Ísland


Í flestum íslenskum menningarstofnunum eða 27 af 38 (71%) er annað hvort að finna stafrænt safnefni eða er unnið að stafrænni endurgerð á hliðrænu safnefni.

Rúmlega helmingur íslenskra menningarstofnana (58%) eru með skjalfesta stefnu um stafræna endurgerð.

Stafræn endurgerð í Evrópu er nokkuð á veg komin.

Að meðaltali er búið að endurgera um 17% safnkosts menningarstofnana í Evrópu stafrænt og enn bíður 52% safnkostsins þess að vera færður yfir á stafrænt form. Ekki er ráðgert að færa um þriðjung safnkosts á stafrænt form. Athugið að þetta eru ekki vegin meðaltöl.

Mismunandi ástæður geta legið fyrir því að ekki er talin ástæða til þess að endurgera efni stafrænt. Til að mynda getur verið talið að ekki sé eftirspurn eftir efninu. Hvað nýlegt efni varðar geta höfundarréttarmál komið í veg fyrir stafræna endurgerð.



Stöplarit 2. Staða stafrænnar endurgerðar í Evrópu og á Íslandi (Ísland, n=34, Evrópa, n=1194)

Ísland

Um 23% íslenska safnkostsins hefur verið endurgerður stafrænt og enn á eftir að endurgera um 48% safnkostsins. Ekki er ráðgert að endurgera stafrænt um 30% íslenska safnkostsins. Athugið að þetta eru ekki vegin meðaltöl.

Hlutur upprunalega stafræns efnis eykst

Yfir helmingur evrópskra stofnana (53%) safna upprunalega stafrænu efni (n=1.262). Hærra hlutfall þjóðbókasafna eða 79% voru með upprunalega stafrænt efni.

Athygli vekur að 71% íslenskra stofnana sögðust safna upprunalega stafrænu efni.

Rafbækur

Af evrópsku menningarstofnununum voru 26% með rafbækur í safnkosti sínum.

Aðeins 5% íslenskra menningarstofnana, eða tvær þeirra, hafa rafbækur sem hluta safnkosts síns.

AÐGENGI


Stefna um afnot
af stafrænu efni

Af evrópsku menningarstofnununum hafa 34% markað sér formlega stefnu um notkun stafræns efnis. Með því er átt við að stjórn stofnunarinnar hafi tekið formlega afstöðu til þess hvaða skilyrðum aðgengi að stafrænu efni sé háð.

Til samanburðar hafa 18% eða sjö íslenskar menningarstofnanir markað sér stefnu um notkun stafræns efnis.

Ástæður þess að veitt
er stafrænt aðgengi
í Evrópu

Aðgengi fræðimanna og nema vegna rannsókna eða náms var af flestum talin mikilvægasta ástæða þess að safnkostur er gerður almenningi aðgengilegur stafrænt. Á skalanum 1-10 var meðaltalsgildi þess 8,5 (n=906). Sala eða tekjur af afnotarétti var sísta ástæðan fyrir því, meðaltalsgildið var 3,2.



Stöplarit 3. Aðgengi að stafrænu efni (n=21)

Ísland

Íslensku niðurstöðurnar voru svipaðar. Aðgengi fræðimanna og nema vegna rannsókna eða náms var einnig talin mikilvægasta ástæðan, meðaltalsgildið fyrir íslenskar stofnanir var 9 (n=21). Sala eða tekjur af afnotarétti var sísta ástæðan fyrir því, meðaltalsgildið var 4.

Notkun á stafrænu
efni mæld

Rétt rúmlega helmingur stofnana í Evrópu, eða 51% (n=902), mældi afnot af stafrænu efni sínu.

Lægra hlutfall íslenskra stofnana sagðist mæla afnot af stafrænu efni, eða 24% (n=38). En 45% þátttakenda svöruðu ekki spurningunni.

VARÐVEISLA

Stefna um varðveislu
stafræns efnis

Þar sem þróunin á sviði upplýsingatækni er jafn hröð og raun ber vitni er enn meira knýjandi þörf en ella á að staðla aðferðir við langtíma-varðveislu á stafrænu efni.

Af evrópskum menningarstofnunum hafa rétt rúmlega 26% (n=905) markað sér stefnu um langtíma varðveislu stafræns efnis.

Af íslenskum menningarstofnunum hafa 10,5% (n=38) markað sér stefnu um langtíma varðveislu stafræns efnis. En tæplega helmingur stofnananna svaraði ekki spurningunni.



Mynd 3. Útskorinn askur, smíðaður af Stefáni Eiríkssyni, í vörslu Hornafjarðarsafna sem er aðgengilegur stafrænt á vef þeirra.

Notkun staðla
í Evrópu

Tæplega helmingur evrópskra stofnana, eða 48% (n=905), hafa ekki tileinkað sér faglega lausn á langtíma varðveislu stafræns efnis. En um 18% eru með eigið varðveislusafn sem uppfyllir alþjóðleg skilyrði um langtíma varðveislu, um 16% varðveita stafræn söfn sín í faglegu varðveislusafni á vegum opinberra aðila og 9% í slíku varðveislusafni á vegum einkaaðila.

Ísland

Þrjár íslenskar stofnanir svöruðu því til að langtímavarðveisla stafræns efnis væri í eigin varðveislusafni í samræmi við alþjóðlega staðla þar að lútandi (n=38). Þrjár stofnanir varðveita stafræn söfn sín í faglegu

varðveislusafni á vegum opinberra aðila og ein í slíku varðveislusafni á vegum einkaaðila. Tíu stofnanir svöruðu því að þau hefðu ekki fundið lausn og 18 svöruðu ekki.

Stöðugildi í Evrópu

Að meðaltali starfa átta manns í fullu starfi við gerð / öflun, viðhald, endurbætur og varðveislu stafrænna safna í evrópskum stofnunum, þar af eru fimm á launum og þrír í sjálfbóðaliðastarfi. Það er helmingsaukning frá síðustu könnun (n=793).

Ísland

Að meðaltali starfa 2,3 starfsmenn við gerð / öflun, viðhald, endurbætur og varðveislu stafrænna safna íslenskra stofnana. En af 38 stofnunum svöruðu aðeins 16 þessum hluta könnunarinnar. Alls voru 2,4 stöðugildi hjá þessum stofnunum sögð í sjálfbóðastarfi.

LOKAORÐ



Mynd 4. Lakkmálverkið *Allt gott að fréttu* frá 1994 eftir málarann Erró aðgengilegt stafrænt í gegnum vef Listasafns Reykjavíkur.

Notkun íslenskra menningarstofnana á stafrænni tækni virðist lítið frábrugðin hinni almennri þróun á meginlandi Evrópu.

Ítarlegri upplýsingar um könnunina er að finna í skýrslu Enumerate [Survey Report on Digitisation in European Cultural Heritage Institutions 2014](#).

Við næstu umferð Enumerate könnunarinnar verður hún færð inn í [Europeana Pro](#) verkefnið.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands. (2014). Tölvu- og netnotkun á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum 2013.

Hagtíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni, 99(1). Sótt af

<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16116>

Nauta, G. J. og de Niet, M. (2014). ENUMERATE - Conceptual Framework. Sótt af

http://www.enumerate.eu/fileadmin/ENUMERATE/documents/ENUMERATE_Conceptual_Framework.pdf

Rannsóknasetur verslunarinnar. (2014). *60% aukning í sölu snjallsíma*. Sótt af

http://www.rsv.is/Files/Skra_0066133.pdf

Stroeker, N. og Vogels, R. (2012). *Survey Report on Digitisation in European Cultural Heritage Institutions 2012*. Sótt af

<http://www.enumerate.eu/fileadmin/ENUMERATE/documents/ENUMERATE-Digitisation-Survey-2012.pdf>

Stroeker, N. og Vogels, R. (2014). *Survey Report on Digitisation in European Cultural Heritage Institutions 2014*. Sótt af

<http://www.enumerate.eu/fileadmin/ENUMERATE/documents/ENUMERATE-Digitisation-Survey-2014.pdf>

Stroeker, N., Vogels, R., Nauta, G.J. og de Niet, M. (2013). *Report on the ENUMERATE Thematic Surveys on Digital Collections in European Cultural Heritage Institutions 2013*. Sótt af

<http://www.enumerate.eu/fileadmin/ENUMERATE/documents/ENUMERATE-Thematic-Survey-2013.pdf>

LJÓSMYNDIR

Mynd 1. Tómas Jónsson. (30 ágúst 1967). *Svifnökkvi sem kom frá Vestmannaeyjum á siglingu upp Ölfusá 30. ágúst 1967*. Myndasetur Héraðsskjalasafns Árnesinga. Sótt af

http://myndasetur.is/fotoweb/preview.fwx?position=1&archiveType=ImageFolder&sorting=ModifiedTimeAsc&search=2010_45_TJ_01688&fileId=CA56B84BA5F085EEB2A0970CB351F6

EB4834A89446B60F726836DBCE7BAE1988C6851A0DE427098AA4F2E5C63023F6A5D301F8A6C4BE7DDF64A42ED5ADFD95260D15B4A210FD0B1F3A7364A17BD5537991239A3E7BD2C9DCDB4077D657E8AD18B108F805DC97220D77EDC448EC926EB07710DEB2BFD5A6733A4684AE1977EB35A52E5D95FCCCFDEA1C0DB42434F48920311854F1F5F1917968D93EADB8A276D8A4E23307C9945D450D9D9527E2EC66446F5FCB0932223158BB2DBD4904681D1DCF4ADB E61317291BD1D5CF0DB3A1B50BB6FC495520F29C583141A86F493948A1&nginx=2010_45 TJ_01688-22.1.201506%3A23%3A54-6789375-Heildarsafni%C3%B0nginx&

Mynd 2. *Sagan af Dimmalimm*. (1942). Muggur. Reykjavík: Bókabúð KRON. Sótt 12. mars 2015 af http://baekur.is/bok/000648034/0/25/Sagan_af_Dimmalimm_Bls_25

Mynd 3. Útskorinn askur smíðaður af Stefáni Eiríkssyni í vörslu Hornafjarðarsafna. Sótt 12. mars 2015 af <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=802438>

Mynd 4. *Allt gott að fréttu*. (1994). Erró. Listasafn Reykjavíkur. Sótt 12. mars 2015 af <http://safneign listasafnreykjavikur.is/is/verk/E-2955>

VIÐAUKI I – HEILDARFJÖLDI STOFNANA EFTIR ÞÁTTTÖKULANDI

Land	Fyrri könnun (2012)	Seinni könnun (2014)
Austurríki	95	36
Belgía	42	29
Bosnía og Hersegóvína	0	1
Bretland	49	55
Búlgaría	0	1
Danmörk	58	16
Eistland	18	16
Finnland	89	59
Frakkland	0	2
Grikkland	58	10
Holland	140	143
Írland	25	15
Ísland	0	38
Ítalía	127	25
Kýpur	21	13
Lettland	16	4
Liechtenstein	5	1
Litháen	71	61
Lúxemborg	28	15
Makedónía	0	1
Malta	4	2
Moldavía	0	1
Mónakó	0	1
Portúgal	85	44
Pólland	58	23
Rúmenía	39	14
Slóvakía	78	4
Slóvenía	56	57
Spánn	255	180
Sviss	77	23
Svíþjóð	33	125
Tékkland	111	34
Ungverjaland	85	44
Þýskaland	227	279
Alls	1.951	1.373

VIÐAUKI II – LISTI YFIR ÍSLENSKAR MENNINGARSTOFNANIR

Íslenskar stofnanir sem fengu send boð um þátttöku eftir stafrófsröð.

365

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bókasafn Orkustofnunar

Bókasafn Vestmannaeyja

Byggðasafn Árnesinga

Byggðasafn Borgarfjarðar

Byggðasafn Dalamanna

Byggðasafn Garðskaga

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Byggðasafn Reykjanesbæjar

Byggðasafn Skagfirðinga

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Byggðasafn Vestfjarða

Byggðasafnið Görðum, Akranesi

Byggðasafnið Hvoll, Dalvík

Byggðasafnið í Skógum

Draugasetrið, Stokkseyri

Flugsafn Íslands

Galdrasýning á Ströndum

Gljúfrasteinn

Grettistak

Hafrannsóknastofnun

Háskólinn á Akureyri

Háskólinn á Bifröst

Háskólinn á Hólum

Háskólinn í Reykjavík

Heilbrigðisvísindabókasafn

Heimilisiðnaðarsafnið

Héraðsskjalasafn Akraneskaupstaðar

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar

Héraðsskjalasafn Kópavogs

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga
Héraðsskjalasafn Svarfdæla
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu
Héraðsskjalasafn Þingeyinga
Héraðsskjalasafnið á Akureyri
Héraðsskjalasafnið Ísafirði
Hljóðbókasafn
Hönnunarsafn Íslands
Iðnaðarsafnið Akureyri
Íslenski dansflokkurinn
Kvikmyndasafn Íslands
Landbúnaðarháskóli Íslands
Landbúnaðarsafn Íslands
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Langabúð - Byggðasafn
Langabúð - Ráðherrastofa Eysteins Jónssonar
Langabúð - Safn Ríkarðs Jónssonar
Leikminjasafn Íslands
Listaháskóli Íslands
Listasafn ASÍ
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Ísafjarðar
Listasafn Íslands
Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn
Listasafn Reykjanesbæjar
Listasafn Reykjavíkur
Ljósmyndasafn Akraness
Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar
Ljósmyndasafn Seltjarnarness
Ljósmyndasafn Skagastrandar
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Lyfjafræðisafnið
Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Menningarmiðstöð Þingeyinga
Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Minjasafn Austurlands
Minjasafn Egils Ólafssonar
Minjasafn Reykjavíkur / Árbæjarsafn
Minjasafn Öfundarfjarðar
Minjasafnið á Akureyri

Minjasafnið á Bustarfelli
Minjastofnun Íslands
Mótorhjólasafn Íslands
Náttúrufræðistofa Kópavogs
Náttúrufræðistofnun Íslands
Náttúruminjasafn Íslands
Nýlistasafnið
RÚV
Safn Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri
Safnahús Vestmannaeyja - Byggðasafn Vestmannaeyja
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Íslenska stríðsárasafnið
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Safn Jósafats Hinrikssonar
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Sjóminjasafn Austurlands
Sagnheimar, byggðasafn
Saltfisksetur Íslands í Grindavík
Samgönguminjasafnið Ystafelli
Sauðfjársetur á Ströndum
Seðlabanki
Síldarminjasafn Íslands
Sjóminjasafn Austurlands
Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík
Skrifstofa Alþingis
Skrímslasetur Bíldudal
Smámunasafn Sverris Hermannssonar
Snjáfjallasetur - Byggðasögusýning
Snorrastofa í Reykholti
Stafkirkja í Vestmannaeyjum - Sýning
Sögusafnið í Reykjavík
Sögusetrið á Hvolsvelli (á Njáluslóð)
Sögusetur íslenska hestsins á Hólum
Tónlistarsafn Íslands
Tækniminjasafn Austurlands
Verslunarminjasafnið á Hvammstanga
Vesturfarasetrið á Hofsósi
Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík
Víkingaheimar
Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjolasafn Íslands
Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal
Þórbergissetur að Hala í Suðursveit

